

Föstudaginn 5. maí 1950.

Nr. 63/1949. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)  
gegn

**Hauki Arnars Bogasyni** (Sveinbjörn Jónsson).

**Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson**  
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Líkamsáverki. Brot á bifreiðalögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppkvaðningu úrskurðar Hæstaréttar 7. desember 1949 hefur farið fram frekari rannsókn á gerð áætlunarbifreiðar þeirrar, sem í málinu greinir. Læknir sá, er stundaði Ólöfu Ingibjörgu Haraldsdóttur, hefur gefið nýtt vottorð í málinu, og kona sú, er Ólöf kom til eftir slysið, hefur komið fyrir dóm sem vitni.

Telja verður sannað, að Ólöf hafi fallið út um opnar dyr áætlunarbifreiðarinnar, er ákærði ók henni af stað í umrætt skipti, og Ólöf hafi þá hlotið brot það á hægra handlegg, sem í læknisvottorði greinir, en um önnur meiðsl, sem máli skiptir, mun ekki hafa verið að ræða. Nú var áætlunarbifreiðin þannig úr garði gerð, að ákærði átti að geta fylgzt með því í spegli, sem festur var utan á stýrishús bifreiðarinnar, hvort hurð sú, sem farþegar fara um, var opin eða ekki, svo og séð gegnum rúðu milli stýrishúss og farþega, hvort nokkur stæði inni á pallinum við hurðina. Verður því að telja, að ákærði hafi sýnt vangæzlu með því að aka bifreiðinni eins og hann gerði og að hann hafi þar með valdið framangreindum meiðslum Ólafar Ingibjargar Haraldsdóttur. Varðar þetta brot hans við lagaákvæði þau, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og þykir mega staðfesta ákvæði hans um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

## Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Haukur Arnars Bogason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. janúar 1949.**

Ár 1949, mánudaginn 24. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 296/1949: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Hauki Arnars Bogasyni, sem tekið var til dóms þann 19. sama mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærða, Hauki Arnars Bogasyni bifreiðarstjóra, Ránargötu 1, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. nóvember 1919 á Akureyri, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt annarri kæru né refsingu en þeirri, að þann 19. desember 1947 var hann sektaður um kr. 60.00 fyrir of hraðan akstur bifreiðar.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 9 að kvöldi þess 19. febrúar s. l. lagði áætlunarbifreiðin R 4705, sem ákærði ók, af stað frá Lækjargötu, hér í bæ, áleiðis til Hafnarfjarðar. Farþegi í nefndum vagni var meðal annarra Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir, Laugavegi 28 D, hér í bæ. Tæplega hálfri klst. síðar var bifreiðin komin til Hafnarfjarðar. Móts við Hafnarfjarðarbió við Strandgötu mun vera viðkomustaður áætlunarbifreiða, sem á þessari leið annast ferðir. Á nefndum stað segir Ólöf Ingibjörg umrædda bifreið hafa numið staðar, og hafi ákærði opnað þar framhurð bifreiðarinnar, en ekki þá hurð, sem farþegar ganga venjulega um. Þetta segir Ólöf Ingibjörg hafa gerzt að undangenginni hringingu frá afgreiðslustúlku bifreiðarinnar, en hringing þessi mun eiga að gefa til kynna, að nema skuli staðar. Eftir þetta hafi bifreiðin ekið af stað, án þess að nokkur þeirra, sem á stanzstaðnum vildu fara út úr henni, kæmust það. Segir Ólöf Ingibjörg afgreiðslustúlkuna hafa hringt aftur, og hafi ákærði þá stöðvað vagninn, en ekið þegar af stað aftur, svo að rykkur hafi komið á bifreiðina, en við það kveðst Ólöf hafa fallið á götuna, en áður hafi hún staðið á tröppunni við hurðina.

Ekki segist hún hafa rotazt við fallið, en hlotið nokkur meiðsli, sem síðar verður getið nánar. Eftir að bifreiðinni hafði verið ekið á að gizka lengd sína, segir Ólöf Ingibjörg hana hafa numið staðar aftur, og hafi þá farþegar þeir, sem hug höfðu á að fara út á stanzstaðnum, gert það. Eftir þetta kveðst Ólöf Ingibjörg hafa farið í hús eitt í Hafnarfirði og hafi þar verið búið um meiðsli hennar til bráðabirgða, en næsta dag fór hún til Péturs H. J. Jakobssonar læknis, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig í vottorði, útgefnu þann 12. marz s. l.:

„Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir, 16 ára, Borgarholtsbraut 6, Kópavogi, datt úr strætisvagni (Hafnarfjörður—Reykjavík), sem snögglega fór í gang, þann 19/2 1948. Kom sprunga í geislabeinshöfuð hægra (infractio collis radii dx.), og getur hún því ekkert brúkað hægri hendi ennþá.

Reykjavík, 12/3 1948.“

Auk þeirra meiðsla, sem getið er um í nefndu vottorði, kveðst Ólöf Ingibjörg hafa farið úr liði á hægri úlnlið.

Þegar hún var yfirheyrð þann 7. september s. l., kvaðst hún ekki finna annað en að hún væri þá að fullu búin að ná sér eftir þessi meiðsli.

Ekki er vitað um nema einn farþega í bifreiðinni R 4705, sem sá, er Ólöf Ingibjörg féll út úr bifreiðinni. Er það vinkona hennar Guðrún Elíasdóttir saumakona, Laugavegi 28 D. Hefur Guðrún sem vitni við rannsókn málsins skýrt á nákvæmlega sama hátt frá málavöxtum og Ólöf Ingibjörg. Kveðst það hafa séð, þegar hún (Ólöf) féll út úr bifreiðinni, og hefur sérstaklega tekið fram, að hún hafi fallið út úr henni, en ekki stokkið út um dyr bifreiðarinnar. Ekki kveðst vitnið hafa gert ákærða aðvart, er það sá Ólöfu Ingibjörgu detta út úr bifreiðinni, þar eð það hafi haldið, að hún hefði við fallið ekki meiðzt neitt. Kvödd hefur einnig verið sem vitni afgreiðslustúlkan í bifreiðinni, Inga Jóna Kristjánsdóttir, Nönnugötu 8, hér í bæ. Var það við störf sín í bifreiðinni R 4705, þegar umrætt atvik kom fyrir, og minnst þess, er Ólöf Ingibjörg fór út úr henni. Hefur það lýst þessu þannig, eftir því sem það bezt man. Þegar komið var að umræddum viðkomustað við Hafnarfjarðarbió, kveðst það hafa hringt bjöllu, sem gefi bifreiðarstjóranum í sams konar bifreiðum og ákærði ók til kynna, að þeir skuli nema staðar. Einnig segir vitnið afgreiðslustúlkurnar í bifreiðum þessum hringja bjöllum þessum til að gefa bifreiðarstjórunum til kynna, að þeir megi aka af stað eftir viðdöl. Við hringingu þessa hafi ákærði opnað hliðarhurð með þar til gerðum útbún- aði, sem er í bifreiðarstjórahúsinu, sem annars er aðskilið frá farþega- húsinu, og hafi hurðin opnast við þetta, eins og til var ætlað. Segir vitnið nú stúlku nokkra (þ. e. Ólöfu Ingibjörgu) hafa farið út um hinar opnu dyr, og að því er það telur, fremur stokkið út um þær, en ekki segist það hafa vitað neitt um það þá, að stúlkunni hafi hlekkzt á við þetta. Eftir þetta segir vitnið ákærða hafa ekið af stað aftur, án þess að það gæfi honum merki um það með bjölluhringingu, en fleiri farþegar en Ólöf Ingibjörg hafi viljað fara út úr bifreiðinni á umræddum stað. Kveðst vitnið því hafa hringt bjöllumni aftur, og hafi ákærði þá numið staðar aftur,

eftir að hafa ekið bifreiðinni um eina lengd sína, og hafi þá þeir farþegar, sem hug höfðu á, farið út úr bifreiðinni.

Sjálfur kveðst ákærði ekki muna neitt eftir umræddu atviki og ekki hafa orðið var við það. Segir hann það oft koma fyrir, að hurðin opnast ekki í bifreiðunum af sömu gerð, sem hann ók í þetta skipti, þótt gerðar séu ráðstafanir til að láta þær opnast, og telur sennilegast, að hann hafi skilið síðari hringingu afgreiðslustúlkunnar í vagninum þannig, að hann skyldi loka hurðinni og aka af stað. Þegar umrætt slys varð þann 19. febrúar s. l., kveðst ákærði hafa verið búinn að aka bifreiðum af sömu gerð og bifreiðin R 4705 í nokkrar vikur.

Samkvæmt framburði vitnisins Ingu Jónu Kristjánsdóttur hér að framan telst sannað, að ákærði hafi ekið af stað í umrætt skipti, áður en til var ætlaðt og áður en honum bar að gera það. Með tilliti til þess, að af því getur hæglega leitt slys, að bifreið ekur af stað, meðan farþegar eru að fara út úr henni, óviðbúinir því, að hún geri það, verður að telja nægilega sannað, að vegna þessa hafi Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir fallið út úr bifreiðinni R 4705 í umrætt skipti, enda staðhæfir hún sjálf, að svo hafi verið, svo og vitnið Guðrún Elíasdóttir. Ekki þykir ástæða til að rengja, að við þetta fall hafi Ólöf Ingibjörg hlotið þau meiðsli, sem hér að framan er lýst.

Samkvæmt framansögðu verður því að telja, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu í meðferð bifreiðarinnar R 4705 í nefnt skipti, og telst hann með því hafa brotið 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Með aðgæzluskorti sínum telst ákærði og hafa átt sök á meiðslum Ólafar Ingibjargar, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 219. sbr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Boga Brynjólfssonar hdl., kr. 250.00.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Haukur Arnars Bogason, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Boga Brynjólfssonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.